



**147. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar
þriðjudaginn, 27. desember, 2005, kl. 12:00.**

**Formaður bæjarráðs, Ágúst Þór Bragason, setti fund og stjórnaði honum.
Ólöf Pálmadóttir ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.**

Dagskrá og afgreiðslur:

- 1. Erindi frá Sveitarfélaginu Skagafirði.**
Varðar aðalskipulag Skagafjarðar 2005 til 2017. Lagt fram til kynningar. Gerður er þó fyrirvari um sveitarfélagamörk.
- 2. Erindi SSNV vegna endurnýjunar þjónustusamnings fatlaðra.**
Bæjarráð gefur SSNV fullt umboð að ganga til samninga um nýjan þjónustusamning við félagsmálaráðuneytið.
- 3. Erindi Jónasar Skaftasonar.**
Lagt fram bréf til kynningar um skólaakstur hjá Blönduósbæ.
- 4. Erindi Guðmundar Eypórssonar.**
Varðandi úthlutun á ræktunarlöndum H1 og H2. óskar hann eftir öllum göngum málsins. Einnig er lögð fram greinagerð frá lögfræðingi á vegum Blönduóssbæjar. Bæjarráð felur bærarstjóra að kynna málið fyrir aðilum málsins og þeim verði gefinn frestur til 15. janúar að gera athugasemdir við greinagerðina.
- 5. Erindi Samstöðu dags. 12. desember 2005.**
Ósk formanns félagsins að koma á fund bæjarráðs. Samþykkt að boða formann félagsins á næsta fund bæjarráðs.
- 6. Erindi sjávarútvegsráðuneytisins vegna kvóta.**
Lagt fram samþykkt ráðuneytisins um úthlutun til Óla Hall HU-17 og samning milli Hjallanes ehf og Norðurós ehf um viðskipti með afla.
- 7. Erindi frá Björgunarfélaginu Blöndu.**
Um endurskoðun á styrkjum frá sveitarfélaginu varðandi hitaveitu, fasteignagjöldum og umsjón um áramótabrennu ásamt flugeldasýningu. Samþykkt er að hækka styrkinn vegna áramótanna um 50 þús krónur ásamt áframhaldandi styrk vegna fasteignagjalda. Varðandi styrk hitaveitu frestar bæjarráð afgreiðslu að sinni.
- 8. Önnur mál.**
Önnur mál voru engin.

Fundargerð upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 12:40.

Ágúst Þór Bragason (sign.)
Jóhanna G. Jónasdóttir (sign.)
Valdimar Guðmannsson (sign.)

Ólöf Pálmadóttir.(sign.)

